









SUMARGJÖF
HANDA
FORELDRUM.

Lftill

leiðarvísir

til


að venja börn.

(Sjá Ársritið Gest Vestfirðing 1. ár, bls. 75—80).

Akureyri.

Prentuð í prentsmiðju Norður- og Austurum-
dæmisins, hjá H. Helgasyni.





Kenn þeim unga þann veg, sem hann á að gánga
og þegar hann eldist, mun hann ekki víkja þar frá.

Orðskvb. 22, 6.

Eitt af því, sem er aðalundirstaða til heilla og velgeingnis hvers eins manns sjerílagi, og heilla þjóða að gjörvöllu, er góður vani á börnum. Það er því ekki um of, þó að málefni þetta sæti athygli manna, og sje íhugað og fyrir þeim brýnt á ýmsa vegu. Jeg ræðst þess vegna í, að benda á fáeinar reglur viðvíkjandi vana á börnum, ekki af því, að jeg kenni mig mann til að rita um efni þetta, þar sem mig brestur til þess bæði vit og reynslu, heldur í því skyni, að vekja máls á svo áriðandi umtalsefni. Mun jeg kunna þeim alúðar þökk, er virðir þenna litla leiðarvísi þess, að taka hann til íhugunar, og benda bæði mjer og öðrum á, hvar mjer hafi skjátlazt, eður í honum sje of ellegar vanritað á hvern helzt hátt, er vera kann.

Undireins og barn þitt fer fyrst að fá vit, ríður þjer á að innræta því hlýðni við þig. Hlýðnin er hin fyrsta skylda barnsins, og vilji foreldranna á að vera aðallögmál þess. Hlýðnina munt þú geta kennt því bezt á þann hátt, að hafa á þjer einskonar alvörusvip, þegar þú býður því eður bannar eitthvað, og sjá um, að það hlýði, í hvað litlu sem er. Legg fátt og auðvelt fyrir það, en gæt þess, að það fullnægi því sem bezt; með því venst það á vöndunina jafnt hlýðninni. Varast allt orðafrás og ummæli, þegar þú bannar barni þínu ellegar býður því eitthvað; þó skaltu leiða því fyrir sjónir með skynsamlegum orðum og alvarlegum það, er því hefir yfirsjezt, eður getur á orðið; glædir þetta íhugun barnsins og eykur varkárni þess. Vertu spar á hótunum við það, en lát það kenna á því, er þú hótadur, vinni það til þess. Lát aldrei hjáhliðrun, vorkun eður dálæti koma þjer til að vægja barni þínu við hegníngu, er það hefir unnið til, og gef því hana ekki upp, nema þú sjáir, að það af einlægni lofi bót og betran. Hirtu barn þitt aldrei í heipt eður bræði, og varast að brúka

hrakyrði og blótsyrði við það. Reyn til að haga hegningunni svo, að barnið komist að raunum, að hún sje sem eðlilegust afleiðing afbrotsins, t. a. m. þegar barnið vill ekki borða af ólund eða matvændni, lát það þá sveingjast, þángað til það auðmýkist og sættist við matinn; hafi það leikið sjer ofleingi eður látið illa, lofaðu því þá ekki að leika sjer, fyrr en það lofar að gjöra þetta aldrei optar. Varast lángrækni við barnið, og sýn því blíðu undireins og það bætir ráð sitt, og lát það sjá og finna, að það, sem þú lætur fram við það koma, hvort heldur það er hegning eður annað, að það spretti af elsku til þess og sje því einmitt til góðs. Kom þú barninu aldrei til hlýðni með því, að kaupa hana af því fyrir eitt eður annað; við það venst það á að hlýða af eigingirni, og að gegna ekki nema það fái eitthvað í staðinn, verður það hinn beinasti vegur til að venja það á óhlýðni og ef til vill á óorðheldni; því ekki getur þú alltjafnt efnt það, er þú lofar því. Hlýðnin á að spretta af innvortis hvötum hjá barninu, það er af óttanum og elskunni. Að vísu láta góðir foreldrar opt eptir börnum sín-

um eitt og annað, og gjöra ýmislegt fyrir þau; en þessu ættu þeir að haga svo, að börnin kæmst að raun um, að slíkt spretti af ástúð foreldranna á þeim, og hlýðni barnanna sjálfra. Gæt þess vandlega, einkum meðan barnið er úngt, að því gefist sem fæst tækifæri eður til-efni til óhlýðni; því að þess optar sem þarf að banna barninu, því heldur er hætt við, að það meti lítils aðfinningar og venjist á þrá. Varast skaltu að hræða börn þín til hlýðni með álfum, vofum, grýlum, bolum, ókendum mönnum eður nokkurskonar öðrum heimskulegum hótunum; er slíkt illt viti og undirrót: fyrst lýsir það því, að barnið hefir ekki hinn rjetta ótta eður elsku til þín; í annan stað kemur þú inn hjá því hræðslu við það, sem ekki þarf að hræðast, gjörir það bæði myrkfælið og mannfælið, getur það, ef til vill, borið menjar þess til dauðans; í þriðja lagi venur þú það á brigðmælgí og óþægð, því barnið fer fljótt að hafa vit á, að ekkert af þessu kemur, þó að það fari sínu fram. Varast áttu að beita við barn þitt ofsa eður ógnunum, sjerlyndi eður kaldlyndi, ónotasemi eður ofmikilli hörku og ónær-

gætni, nje sýna því nokkurt ógeð, hverju nafni sem nefnist.

Lát barnið aldrei komast að því, að ykkur hjónunum lítist sitt hvoru með vanann á því. Jafnvel þó að svo beri við, að öðru hvoru ykkar verði sitthvað á í tjeðu efni, eða sitt sýnist hvoru, þá eigið þið ekki að gjöra það uppskátt í áheyrn barnsins. Aldrei hefl jeg ljótara sjeð, nje skaðvænna fyrir góðan vana á börnum, heldur enn þegar annað hjónanna bannar það barninu, er hitt býður; þegar hvort um sig mælir upp í barninu og álasar hinu, er finnur að við það eða hirtir, þó tekur yfir þegar illdeilur og rifrildi rísa út af slíku. Hjónin eiga einslega að segja hvort öðru það, sem þeim þykir hvoru um sig ábótavant, og tala sig niður á því, hver aðferð sje hentugust til að venja svo börnin, að þau geti orðið geðþekk guði og góðum mönnum; eiga hjónin þá aldrei að láta sjer gleymast að biðja drottinn aðstoðar í þessu mikilsverða og vandamikla verkinu, og mun drottinn þá styrkja góðáform og einlægan vilja.

Að biðja drottinn, að lypta huganum í hæðirnar til síns himneska skapara og gæzku-

ríka föðurs, og ákalla hann með trúuðu hjarta, á að vera ædsta unun vor mannanna, og er ein hin helgasta skylda vor. Og á hvað eiga því foreldrarnir fyrr og fremur að venja börn sín, en að íhuga og ákalla þenna þeirra og vor allra himneska föður og velgjörara! En þó er ætlan mín sú, að heilladrjúgast verði, að kenna börnum ekki bænir, fyrr en þau eru farin að þekkja skapara sinn, þann er þau ávarpa, og neisti trúarinnar er tekinn að lifna í hjartanu. Jeg hygg, að fari menn að kenna barninu bænir, og láta það lesa þær kvöld og morgna, áður en það getur talað skírt, eður meðan ljós skynseminnar er ekki tekið að glæðast, verði það ein hin helzta orsök til að venja það á að fleipra fram bænir sínar hugsunarlaust, þegar það eldist. Auk þess má það ekki bæn heita, þó að það, t. a. m. tvævett barn, sem einga þekkíngu eður hugmynd hefir feingið um skapara sinn, blabbri það eptir allt багаð og lítt skiljanlegt, sem fyrir því er haft. Bænin er ákall trúaðs manns til guðs. Þetta guðdómlega náðarmedalið á að geymast

barninu eins og himneskt hnoss, þángað til það er farið að þekkja þann, er það á að ákalla í bæninni. Það á því, að minni hyggju, að vera hið fyrsta verk foreldranna, að vekja hugmyndir og glæða skilning barnsins á þeirra ósýnilega guði og föðurog hans eiginlegleikum. Nóg gefast tækifærin. Skoðun og sjón sólarinnar, túnglsins, stjarnanna, dýranna, ormannna, jurtanna, og ótal fleira, er barnið sjor og heyrir, gefa guðræknu foreldri ríkuglegt tilefni til að leiða huga barnsins til ens almáttuga, alvísa, allstaðar nálæga, algóða, heilaga og rjettláta höfundis, vidhaldara og stjórnara allra hluta; einúngis verður að gæta þess, að allt sje sem einfaldlegast og eðlilegast útlistað, og leidd út af tali eður spurningum barnsins, þegar verður, þá tekur það bezt eptir, og bezt fer, að gjöra slíkt opt, en stutt í hvert skipti. Þegar íhugun og þekking hins ósýnilega drottins, er tekin að lífgast og skírast í sálu barnsins, er mál fyrir þig, að fara að kenna því að lypta huganum í bæninni til hans. Það er fagur siður, sem jeg vildi óska

að aldarhátturinn feingi ekki útrýmt, að kenna börnum bænir og vers, og venja þau á, að sela sig honum á vald, þegar þau leggjast útaf, sem vakir, meðan vjer sofum, og heldur ósýnilegri verndan sinni yfir oss, og að lypta huganum, þegar þau vakna á morgnana, með lofgjörð og þakklæti til ljósanna föðurs, sem enn þá einusinni hefir leyft þeim að sjá dagsljósið, og gæðir þau enu andlega ljósi sannsikeins; en jafnframt ríður ekki síður á því, að innræta barninu það hugarfarið, að hafa guð ávallt í huga og minni, og biðja hann aðstoðar í hverju, sem það á gjöra; af því sprettur hið sannguðrækilega hugarfarið, er veröldin mun trauðlega fá útrýmt. Ræðurnar á 1. sunnudag eptir þrettánda bæði í Vídalíns og Árna Helgidagaræðum, gefa enar fegurstu og lærdómsríkustu hugvekjur, sem lúta að efni þessu, og vildi jeg að þú læsir þær með alúð og eptirtekt.

Ven þú barn þitt á að vera upplitsdjarft og einurðargott, en þó undir eins hæverskt og síðlátt. Láttu það aldrei hlaupa í felur, þó að það sjái ókunnuga og enn síður standa á gæ-

um eður í gættum, sem er mesti ósiður. Veittu því aldrei ávítur fyrir það, þó það segi þjer í einlægni það, sem það lángrar til eða því dettur í hug, jafnvel þó það kunni að vera bernskulegt, því af slíkum ávítum verður það feimið og dult, og missir á stundum ást og einlægni við þig. Börn þau, sem vel eru vanin, eiga að geta farið til foreldra sinna, og haft þau fyrir aðalráðanaut og aðstoðara í öllu, og látið sjer lynda, þó foreldrarnir ráði öðruvísi, en þau ætluðu til. Gefðu barni þínu nægilegt sjálf-ræði til að leika sjer eður skemta, einkum þegar það hefir lokið vel við ætlunarverk sitt. Leikir og skemtarnir lífga, æfa og herða fjör og krapta sálar og líkama og efla framfarir þeirra; hafðu eins gætur á, að það taki ekki uppá neinu ósæmilegu eður því, er það getur haft nokkurn skaða ellegar meiðsli af. Fordastu þann skaðvæna óvana, er tíðkast um of, að hlæa að barninu. Þegar það lætur skringilega eður talar sniðuglega, en þó ófagurt, og því síður skaltu láta það heyra hól eða lofræður um gáfur þess eður hnyttni í orðum við slík tækifæri, og aldrei samt;

því af þessu getur leidd ósiðsemi, skeytingarleysi, sjálfhælni og jafnvel dramb; en vel á við, að láta það heyra gedþekknis og blíðu orð, þegar það á þau skilin fyrir framferði sitt eður kostgæfni. Láttu það aldrei eptir barni þínu, er það heimtar af þjer, og sýndu því fram á það, að það fái ekkert, nema það biðji um það með hógværð og auðmýkt, en baki sjer ekki annað en hegníngu og snuprur með heimtufrekju og ógedi. Varastu brest þann, sem svo mörgu foreldri er hætt við að hafa, að halda meir upp á eitt barnið en annað, og tíðum uppá það, sem síður á það skilið. Af slíku sprettur rígur og öfund milli sýkinanna, og dregur á eptir sjer hatur og margt annað illt milli þeirra, sem ættu að elkast hvað heitast. Hafðu þjer fyrir speigil söguna af honum Jósep, og þarftu þó ekki svo langt að sækja dæmin fram í aldirnar, þú sjerð þau mörg fyrir augunum og afleiðíngarnar enar illu, er af því rísa, að hafa eptirlætisgöðin. Eigi eitt barnið það skilið að takast öðrum fremur, gjörðu þá við það að verðugleikum, og láttu hin njóta rjettar síns fyrir það, og taktu ald-

rei frá einu barninu til að gefa hinu, hvað lítið sem er, í hefnda eða hegningarskyni. Láttu aldrei viðgángast, að mælt sje upp í barninu ógeð eða óvandi, ellegar eptir því neitt það, er það á að gjöra. Taktu aldrei sögnum nje frjettaburði af barni þínu, hvort heldur það segir eptir syskinum sínum eður öðrum, ellegar ber þjer annan óhróður, hvers kyns sem er; venjist barnið á þenna óvana, getur hann orðið undirrót til enna vestu lasta: lausmælgis, málædis, rógburðar, lýgi, og komist hinir, sem eptir er sagt, að því, að þeir fái óþökk eður sneypu fyrir barnsins skuld, rís af því óþokki og ýmugustur, og ef til vill, úlfbúd, hatur og hefndargirni til barnsins; en það sjálfst venst þar hjá á íllgirni og gleði yfir annara óförum. Innrættu börnum þínum elsku bæði til skyldra sem vandalausra, og ánægju yfir því, að öllum líði sem bezt. Ven þau á þagmælsku, sannsögli, hreinlyndi, einlægni, allskonar varkárni í orðum og verkum, og taktu langtum harðara á því, gjöri barnið sig brotlegt í einhverju, sem þessum dygðum er gagnstætt, en

þó því verði eitthvað annað á óvart. Hafðu nákvæmar gætur á lunderni barns þíns og tilhneigíngum, svo þú sjáir í tíma, vilji það hneigjast til einhvers lösts, að þú getir komið í veg fyrir hann. Á eitt hefi jeg enn þá að minnast, áður en jeg skilst við þetta mál, og hjálpar það hvað helst til, að börnin venjist á vandað framferði, en það er, að foreldrarnir¹ sjeu börnunum fögur fyrirmynd uppá guðrækið og vandað framferði bæði í orðum og athöfnum, og forði þeim svo mikið sem þeir geta við vöndumsolli; því mestu áhrifn hefir það á hjartalag hins unga, er hann sjer daglega fyrir sjer, og hvernig geta foreldrarnir ætlast til, að börnin verði siðprúð og vönduð, sjái þau hvorki siðprýði nje vöndunarsemi til þeirra nje annara, enda þótt þeir þykist leggja stund á að venja þau vel. Ó! að allir foreldrar kostuðu því

¹) Þó að jeg bæði hjer og annarstaðar í ritlíngi þessum nafngreini að eins foreldrana, og sveigi ræðu mína einungis til þeirra, má nærri geta, að orð mín miða til allra, er eiga að venja börn, hvort heldur þau eru þeim skyld eður vandalaus.

af alhuga kapps um, að vanda allt sitt framferði, og hafa góðan heimilisbrag; af því munu bæði sjálfir þeir, börn þeirra og heimilisfólk, og fjelag manna yfir höfuð, uppskera ena beztu ávexti og heilladrjúgustu.



1856.





Lbs - Hbs



100555097 - 9

